



Mannréttindaráð

Reykjavík, 22. ágúst 2025
MSS22010199

Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar 2022-2030: Staða aðgerðaáætlunar fyrir tímabilið 2022-2024

Meðfylgjandi er kynning á aðgerðaáætlun aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar. Kynningin inniheldur stöðu á aðgerðum fyrir tímabilið 2022-2024. Í kjölfarið hefst vinna við aðgerðaráætlun aðgengisstefnu 2025-2027.

Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn 3. maí 2022. Mannréttindaráð ber ábyrgð á aðgengisstefnu og framkvæmd hennar.

Óskað er eftir að kynningin sé lögð fyrir fund mannréttindaráðs 28. ágúst nk.

Virðingarfyllst,
Valgerður Jónsdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:
Kynning



Aðgerðaáætlun - aðgengisstefnu

Staða aðgerða





Aðgerðaáætlun – staða

Lokið

Varanlegar


Í vinnslu

Spurningamerki

Tillögur eða annað



Samantekt- Staðan 28.08.2025



Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar 2022-2024			
Aðgerðir			Staðan ágúst 2025
1.		Aðgengi að húsnæði	
		Meginmarkmið: Allt húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og/eða sem Reykjavíkurborg leigir undir starfsemi verði aðgengilegt fólki með fjölbreyttar aðgengisþarfir. Aðkoma sé einnig með þeim hætti að aðgengi sé tryggt óháð samgöngumáta fólks.	
	1.1	Unnið verði úr fyrirbyggjandi aðgengisúttektum á húsnæði borgarinnar.	Annað/ Úttektunum hefur verið safnað saman og unnið hefur verið úr þeim flestum að einhverju leiti. Margar þeirra voru unnar á árunum 2006-2008 og eru því komnar til ára sinna. Flestar úttektir hafa verið gerðar á grunnskólum borgarinnar og öllum sundstöðum. Á síðustu mánuðum voru þær yfirfarnar og athugað hvað hefur verið unnið úr þeim og hvar ekki. Það er hinsvegar dáið mikil vinna og óljóst hvort tímanum sé vel varið í það? Flestir skólar eru orðnir aðgengilegir og þegar fatlaður nemandi, starfsfólk eða aðstandendur nota viðkonandi skólahúsnæði, þá hefur veirð brugðist við því með aðgerðum sem hafa bætt aðgengi. Oft er líka um sömu atriði að ræða (sem hafa oftast veirð löguð síðan úttektin var gerð) þ.e. laga aðkomu, breyta salernum, setja upp rampa eða lyftur. Lagt er til að halda þessari aðgerð inni í aðgerðaráætluninni en með breyttu orðalagi t.d.: Útbúinn verði tékklisti yfir helstu atriði sem hafa þarf í lagi í hverri fasteign borgarinnar. t.d. merkingar á tröppunef, rampar við alla innganga, aðgengileg salerni, rafopnanir o.s.frv. Umsjónarmenn/fasteignastjórar viðkomandi húsnæðis bera svo ábyrgð á því að þessi atriði verði löguð og uppfærð. Stærri atriði s.s. uppsetning lyftu, leiktækja og annarra kostnaðarmeiri atriða verði á hendi aðgengisfulltrúa.
	1.2	Að forgangsraða leikskólum og grunnskólum í hverju hverfi borgarinnar sem yrðu gerðir fullkomlega aðgengilegir fötluðum nemendum með fjölbreyttar aðgengisþarfir.	Lagt er til að fella þessa aðgerð út úr áætluninni.
	1.3	Við endurnýjun grunn- og leikskólalóða sé tryggt að hönnun og breytingar uppfylli hugmyndafræði algildrar hönnunar. Leitast sé við að bjóða upp á leiktæki sem henta sem flestum hópum óháð aldri, fötlun og færni.	Lokið -með ráðningu aðgengisfulltrúa hefur verklag á SFV breyst að því leiti að hönnun allra lóða er rýnd og yfirfarin af aðgengisfulltrúa. Einnig hafa verið gerðar hönnunarleiðbeiningar fyrir leiksvæð sem hönnuðir fá afhendar við upphaf hönnunar og samtal við aðgengisfulltrúa.
	1.4	Tryggja að nýframkvæmdir og stærri viðhaldsverkefni berist aðgengis- og samráðsnefnd til umsagnar. Til dæmis með kynningu á hlutverki nefndarinnar á Workplace og víðar.	Lokið - í verkferlum SFV er gert ráð fyrir aðkomu aðgengisfulltrúa í allri hönnun við nýframkvæmdir og endurgerð. Aðgengisfulltrúi hefur metið út frá stærð verkefna hver þeirra er æskilegt að halda kynningu á og hafa stærri verkefnin verið sérstaklega kynnt. ath. breytinguna með Mannréttindaráði.
	1.5	Merkingar á punktaletri verði settar upp við aðalinnganga og í lyftum í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar þar sem almenningur sækir þjónustu.	Í vinnslu - allar nýjar lyftur eru með punktaletri á tökkum og við endurnýjun á gömlum er punktaletur sett á. Hvað varðar punktaletur við aðalinnganga og/eða á veggri bygginga, þá hefur átt sér stað umræða um hvort Navilens kerfið muni ekki taka við sem aðal upplýsingakerfi fyrir blinda og sjónskerta.
	1.6	Talgervlar verði settir í allar lyftur í húsnæði þar sem Reykjavíkurborg er með starfsemi.	Í vinnslu - á árinu 2024 voru settir upp um 25 talgervlar í lyftum grunnskóla, og stefnt er á að svipaður fjöldi verður settur upp á árinu 2025. Gera þyrfti formlega úttekt á því í hvaða lyftur vantar talgervla.
	1.7	Tryggja að unnið sé eftir gáttlistum umhverfis- og skipulagssviðs um aðgengismál þegar unnið er að framkvæmdum á húsnæði og útisvæðum á vegum Reykjavíkurborgar.	Lokið - með ráðningu aðgengisfulltrúa hefur verklag á SFV breyst að því leiti að hönnun bygginga er yfirfarin af aðgengisfulltrúa. Gáttlistar og leiðbeiningar eru afhentar hönnuði við upphaf hönnunar og samtal við aðgengisfulltrúa.
	1.8	Setja upp hljóðrænt og sjónrænt tilkynningakerfi í þjónustuverum borgarinnar og annars staðar þar sem fólk þarf að sækja þjónustu og notast er við númerakerfi.	Í vinnslu - samtal hafið við þON
	1.9	Vinna að uppsetningu sjónrænna brunakerfa í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar. Blikkljós fari þannig í gang á lykilstaðsetningum svo að fólk með heyrnarskerðingu verði vart við brunaviðvaranir.	Í vinnslu - spurning hvort þetta eigi að vera inni sem sérstök aðgerð vegna þess að þetta er staðalbúnaður við uppsetningu nýrra brunakerfa og endurnýjun á gömlum. Það er stórmál að fara að endurnýja brunakerfi og það er yfirleitt aðeins gert þegar verið er að endurnýja alla bygginguna eða fleiri kerfi í henni. Við endurnýjun brunakerfa í dag, byggir hönnun þeirra á aðgengi fyrir alla.

	1.10	Vinna að uppsetningu sjónrænna merkinga á tröppunefum í gönguleiðum innanhúss í húsnæði borgarinnar.	Í vinnslu - Allar tröppur í Ráðhúsi og Borgartúni hafa verið merktar. Gera þarf nákvæma úttekt á öllum tröppum í byggingum borgarinnar um hvar á eftir að gera þetta.
	1.11	Greind verði þörf á úrbótum á setsvæðum í húsnæði borgarinnar þar sem almenningur sækir þjónustu, með það að markmiði að mæta aðgengisþörfum fólks með hreyfihömlun, gigtveikra o.fl. hópa.	Í vinnslu - komið á samtal
2.		Aðgengi að borgarlandi	
		Meginmarkmið: Borgarland styðji við fjölbreyttar þarfir og að allir íbúar komast leiðar sinnar óháð samgöngumáta.	
	2.1	Öll gönguljós í Reykjavík séu með hljóði og skynjara auk þess sem staðsetning nauðsynlegra hnappa sé hugsuð út frá aðgengi.	Í vinnslu. Er núna í farvegi hjá SABÓ og verður gert eftir áætlun. ath. stöðuna hjá Nils og Grétari
	2.2	Aðgengis- og samráðsnefnd fái til umsagnar staðsetningar á P-merktum bílastæðum í borgarlandinu.	Annað / Spurning af hverju þetta er aðgerð/Er gert í tengslum við hönnun á nýjum svæðu, t.d Hlemmi en annars ekki
	2.3	Að tryggja að lágmarki árlegt samtal milli skrifstofu reksturs og umhirðu og aðgengis- og samráðsnefndar vegna forgangsráðunar vetrarþjónustu í Reykjavík. Áhersla verði lögð á að tryggja forgang í vetrarþjónustu við staði þar sem vitað er að fatlað fólk býr eða starfar, svo sem við íbúðakjarna eða starfsstaði sem sérstaklega eru ætlaðir fötlúðu fólki	Í vinnslu- koma með kynningar inn í nefndina að hausti.
	2.4	Við endurnýjun opinna leiksvæða sé tryggt að hönnun og breytingar uppfylli hugmyndafræði algildrar hönnunar. Leitast sé við að bjóða upp á leiktæki sem henta sem flestum hópum óháð aldri, fötlun og færni.	Lokið - gerðar hafa verið hönnunarleiðbeiningar fyrir leiksvæði sem hönnuðir fá afhendar við upphaf hönnunar og samtal við aðgengisfulltrúa.
	2.5	Haldið verði áfram vinnu við aðgengisúrbætur við biðstöðvar út frá úttekt sem gerð var á ástandi biðstöðva Strætó árið 2020.	Lokið - fá stöðuna hjá frá SABÓ og Grétari Mar - ætti að klárast á árinu 2026
	2.6	Greind verði þörf á úrbótum á setsvæðum í borgarlandinu með það að markmiði að mæta aðgengisþörfum fólks með hreyfihömlun, gigtveikra o.fl. hópa.	Í vinnslu-
	2.7	Rýndar verði helstu ástæður þess að aðgengi á framkvæmdasvæðum sé oft á tíðum ábótavant og tillögur verði gerðar tillögur að úrbótum.	Annað / svolítið óljóst
	2.8	P-merkt stæði í borgarlandinu verði kortlögð og merkt inn á stafrænt götukort ja.is eða Google.	Annað/ ræða þarf við ÞON og LUKR
		Aðgengi að þjónustu og viðburðum	
		Meginmarkmið: Þjónusta Reykjavíkurborgar og viðburðir á vegum borgarinnar séu aðgengilegir öllum.	
	3.1	Upplýsingar um þjónustu Reykjavíkurborgar séu aðgengilegar fyrir fatlað fólk með mismunandi aðgengisþarfir. Tryggt verði að vefur Reykjavíkurborgar standist aðgengiskröfur t.d. með tilliti til notkunar á talgervlum.	Annað/GEV gerðu úttekt á aðgengi að upplýsingum um þjónustu fyrir fatlað fólk sem kom vel út. Þarf að ræða betur um vef borgarinnar t.d í mannréttindaráði með fulltrúum hagsmunasamtaka.

	3.2	Gefnir séu út gátlistar um aðgengismál á viðburðum sem berist sviðum og starfsstöðum borgarinnar og tryggt að unnið sé eftir þeim.	Lokið - í umsjá viðburðarteymis og afnotaleyfisdeildar
	3.3	Skipulagning stærri viðburða í borginni sem fela í sér lokanir gatna og verulegt inngrip í leiðakerfi almenningssamgangna fari fram í samráði við aðgengis- og samráðsnefnd borgarinnar og eftir atvikum einnig önnur hagsmunasamtök fatlaðs fólks.	Árlegt/Viðvarandi- kynning frá viðburðarteymi kemur árlega á vorin í nefndina. Viðburðarteymi er í góðu samstarfi við hagaðila þ.m.t. ÖBÍ í samvinnu við aðgengisfulltrúa.
Ræða við ÞON	3.4	Við gerð stafrænna lausna á þjónustu Reykjavíkurborgar sé haft samráð við notendur þjónustunnar og aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks.	Annað / misjafnt hvort munað sé eftir að hafa samband við nefndina
MAR	3.5	Stjórnendur og starfsfólk borgarinnar fái fræðslu um frumkvæðisskyldu starfsfólks gagnvart fötlðu fólki sem notar þjónustu borgarinnar, sbr. 32. gr. laga um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.	Viðvarandi/Árlegt
4.	Aðrar aðgerðir		
	4.1	Að veita aðgengisviðurkenningu Reykjavíkurborgar árlega til aðila sem hafa staðið vel að aðgengismálum og/eða barist fyrir bættu aðgengi með eftirtektarverðum hætti.	Árlegt
	4.2	Ráðinn verði aðgengisfulltrúi í eitt stöðugildi sem hafi það hlutverk að tryggja framgang aðgerðaáætlunarinnar. Aðgengisfulltrúi muni jafnframt sitja fundi mannréttindaráðs	Lokið
	4.3	Aðgerðir sem framkvæmdar eru í aðgerðaáætlun verði kynntar fyrir starfsfólki borgarinnar og borgarbúum, t.d. með tilkynningum á Workplace og fréttatilkynningum.	Annað / Hætt að nota workplace, hafa verið skrifaðar fréttir á vef borgarinnar t.d þegar leikskóla var breytt oþh.



Reykjavík